

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Hugi Ólafsson
Lindargötu 2
101 Reykjavík
postur@uar.is



Reykjavík 30. október 2018

Umsögn um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030, 1. útgáfa

Samtök ferðaþjónustunnar (samtökin) vilja koma á framfæri eftirfarandi ábendingum um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2018.

Samtökin harma að ekki sé gert ráð fyrir betri skiptingu á því fé sem ráðgert er í aðgerðaráætlun næstu fimm ára. Aðeins er gert ráð fyrir 1,5 milljarði í rafvæðingu í samgöngum. Að mati samtakanna nær upphæðin engan veginn að styðja við þá uppbyggingu sem þarf að ráðast í til að mæta skuldbindingum Íslands. Þá benda samtökin á að uppgræðsla lands getur haft mikil sjónræn áhrif og skaðað víðernisímynd Íslands í hugum erlendra ferðamanna. Samtökin fara fram á að hlutfall fjárframlags til aðgerða í loftslagsmálum verði jafnt á milli rafvæðingar í samgöngum og kolefnisbindingar.

Eitt þeirra atriða sem sett eru fram yfir mögulegar aðgerðir í loftslagsmálum er hækkun kolefnisgjalds sem að mati samtakanna klár skattheimta. Að réttu telja samtökin að þessi liður feli í sér enn frekari hækkun á umræddum gjöldum/sköttum sem tvöfölduðust um síðustu áramót og hafa því tekið hækkunum óháð þeirri vinnu sem nú á sér stað. Benda samtökin á að meðan innheimta þessara gjalda er ekki eyrnamerkt loftslagsmálum sérstaklega, líkt og raunin er nú, þá er um að ræða hreina tekjuöflun ríkissjóðs og því gjalda samtökin þess varhug að ráðast út í frekari hækkanir þegar fyrir liggur að núverandi gjöld/skattar eru ekki nýtt í þágu loftslagsmála.

Hvað endurskoðun á sköttum og gjöldum á bíla og eldsneyti varðar almennt ítreka samtökin þá staðreynd að bílafloti landsmanna stendur nú þegar skil á hinum ýmsum sköttum og gjöldum á grundvelli mismunandi gjaldheimilda. Mikilvægt er því að taka tillit til þeirra upphæða sem nú þegar eru innheimtar af ökutækjum í stað þess að grípa til enn frekari hækkana umfram þær verulegu upphæðir sem þegar er staðið skil á í ríkissjóð. Má í því samhengi benda á að álögur á bílaleigur hafa verið sem nemur í það minnsta 5 milljörðum króna á ári og er þá eingöngu um að ræða eldsneytisgjald en til viðbótar eru önnur gjöld sem falla á greinina sem hækka þá samtölu verulega.

Samtökin telja mikilvægt að fyrir liggja með hvaða hætti stuðningur við innviðaupbygginu fyrir vistvænar samgöngur verði útfærður og hvaða framkvæmdir munu liggja þar til grundvallar. Að mati samtökin grundvallast umbreyting í orkugjöfum samgönguflotans á því að unnt sé að þjónusta samgöngufloata allt í kringum landið. Á meðan ekki er unnt að sækja þjónustu, fyrir utan þá takmörkuðu þjónustu sem stendur til boða á höfuðborgarsvæðinu, s.s. rafhleðslu, þá er hvati til að fjárfesta í umhverfisvænni ökutækjum minni en ella. Þá þarf við

áætlunargerð er snýr að innviðauppbýggingu að taka til skoðunar þess að styðja uppbyggingu t.a.m. rafhleðslustöðva í við ýmsa áningarstaði ferðamanna, þ.m.t. hótél og gistiheimili.

Samtökin hvetja stjórnvöld til góðra verka við að styðja við og stuðla að aukinni rafvæðingu hafna. Telja samtökin slíka framkvæmd vera skref í rétt átt til að draga úr brennslu olíu á meðan skip liggja við hafnarbakka. Að sama skapi er um að ræða skref í rétta átt til að tryggja gott sambýli hafna og haftengdrar þjónustu við nærumhverfi sitt með því að draga úr þeirri sjón- og lyktarmengun sem felst í útblæstri skipa. Benda samtökin á að aðildarfyrirtæki samtakanna hafa stigið jákvætt skref fram á við í umbreytingu á eigin flota. Má þar nefna sem dæmi hvalaskoðunarfyrirtæki við Húsavík sem hafa unnið markvisst að því að draga úr umhverfisáhrifum starfsemi sinnar með jákvæðum árangri. Eiga þessi sjónarmið einnig við um tillögu stjórnvalda um að vinna að orkuskiptum skipa, s.s. notkun á endurnýjanlegu eldsneyti og rafvæðingu skipaflotans, bæta orkunýtni skipa og rafvæðingu ferjusiglinga þar sem slíkum breytingum verður komið við.

Sem hluta af öflugri innviðauppbýggingu leggja samtökin ríka áherslu á að komið verði upp raftenglum á langtímastæðum við flugvelli og á þá vegu að þeir anni eftirspurn og álagi við það að fjölga rafbílum hér á landi. Á meðan aðbúnaður á þessum svæðum er með þeim hætti að aðgangur að tenglum er verulegum takmörkum háður þá er hvati aðila í ferðaþjónustu til að umbreyta bílaflota yfir í rafbíla lítill. Það er grundvallarforsenda að unnt sé að hlaða bíla við flugvelli til að leigja þá fullhlaðna út til ferðamanna.

Þá þarf að greina á milli þess að byggja upp hvata til að stuðla að orkuskiptum í samgöngum, s.s. rafbílavæðingu, og þess sem er raunhæft á hverjum tíma. Því þarf að tryggja að bæði dreifikerfi raforku hafi fullnægjandi flutningsgetu sem og að næg orka sé til staðar til að anna eftirspurn við þá umbreytingu sem koma skal hvað rafbílavæðingu varðar.

Til viðbótar við þann lista yfir mögulegar aðgerðir í loftslagsmálum þá vilja samtökin koma á framfæri ábendingum um aðgerðir eða útfærslu aðgerða sem geta nýst í þeirri vinnu sem framundan er á þessum vettvangi.

Fyrir það fyrsta hvetja samtökin stjórnvöld til að byggja á þeim grunni sem til staðar er hjá ferðaþjónustunni, s.s. Vakanum. Á þeim vettvangi hafa verið sett fram markmið og aðgerðir er taka á mörgum þeim álitamálum sem hér eru til umfjöllunar. Í því samhengi má nefna úrgangsforvarnir en á vettvangi Vakans hefur verið lögð rík áhersla á flokkun og meðhöndlun úrgangs.

Í annan stað benda samtökin á að tryggja þarf nýsköpun í lausnum og víðsýni í framkvæmdum. Sem dæmi má nefna að við skipulagningu innviða utan þéttbýlis skuli hafa til hliðsjónar uppbyggingu á stígum fyrir aðra umferð en eingöngu ökutæki. Þannig megi t.a.m. efla notkun rafhjóla og annarra faraskjóta en eingöngu og alfarið hefðbundin ökutæki.

Samtökin ítreka mikilvægi þess stjórnvöld innleiði ekki íþyngjandi reglur og/eða aðgerðir á þessu sviði og þess í stað að fyrirtækjum verði veitt svigrúm til að þróa lausnir og innleiða breytingar í þeirra starfsemi í anda þeirra aðgerða sem fram koma í boðaðri áætlun stjórnvalda. Telja samtökin að markaðurinn sé vel undir það búinn að taka á þeim áskorunum sem við þeim

blasa er viðkemur loftslagsbreytingum og bregðast við þeim á eigin forsendum í stað lagaboða eða inngripa í starfsemi þeirra.

Að lokum benda samtökin á að opinberar stofnanir og fyrirtæki geta hafið orkuskipti með því að nýta vistvæna kosti í starfsemi sinni. Þar má m.a. benda á að hægt er gera kröfur um að nota bílaleigubíla sem ganga fyrir vistvænum orkugjöfum, skilyrði útboða í almenningsamgöngum geri ráð fyrir að almenningsvagnar gangi fyrir vistvænu eldsneyti og að ISAVIA rafvæði samgöngur á flughlaði Keflavíkurflugvallar.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt

f.h. Samtaka ferðapjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Gunnar Valur Sveinsson".

Gunnar Valur Sveinsson